



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi 126/11  
Erindi nr. P 126/114  
komudagur 13. 3. 2001

Landssamband stangarveiðifélaga (LS) fagnar því tækifæri sem landbúnaðarnefnd Alþingis veitir því til að veita álit á frumvörpum til laga um lax- og silungsveiði með bréfum dags. 16. febrúar varðandi 389. mál og 19. febrúar varðandi 297. mál.

Bréf Alþingis bárust hins vegar sambandinu seint og eftir krókaleiðum með því að formaður þess, Ragnar Hólm Ragnarsson, er fluttur og býr nú á Kleppsvegi 132 í Reykjavík.

Varðandi 389. mál sbr. bréf Alþingis dags. 16. febrúar vill sambandið taka eftirfarandi fram:

Af ótta við að eldi í sjó á annarlegum fiskstofni, hér er einkum átt við eldi á laxi af norskum uppruna, hafi slæm áhrif á umhverfi og viðgang villtra stofna, hefur LS lagst gegn áformum um sjókvíaeldi af þeim toga við strendur landsins.

Eigi slíkt yfir að ganga, þrátt fyrir viðvörunarorð samtaka á borð við LS, er það að sjálfsögðu fagnaðarefni að löggjafinn setji skýr og ströng lög sem tryggja ábyrgt eldi nytjastofna og verndi villta stofna. Má í því sambandi spyrja hvort ekki sé rétt í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins að áskilja að ráðherra krefjist þess að umsókn um rekstrarleyfi fylgi nauðsynleg gögn? Einnig þykir LS að lögfesta beri skilyrði um rekstrarleyfi í 4. mgr. 3. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um skipan í fiskeldisnefnd. LS var ósammála veiðimálastjóra og umhverfisráðuneytinu um að stórar fiskeldisstöðvar skyldu ekki vera háðar mati á umhverfisáhrifum, en telur engu að síður skynsamlegt að í nefndinni sitji fimm menn og að sá fimmti sé skipaður samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra. Það yrði væntanlega til þess að tryggja betur tilgang laganna skv. 1. gr. frumvarpsins.

Varðandi 297. mál sbr. bréf Alþingis dags. 19. febrúar vill sambandið taka eftirfarandi fram:

Sjóbirtingsstofninn þolir illa aukna sókn og uppi hafa verið raddir um að stytta heldur veiðitímann að vori. LS telur að fara eigi varlega í að auka álagið á fiskstofninn. LS gerir að tillögu sinni vegna 1. gr. frumvarpsins að verði veiðitími lengdur að hausti sé hann stytur sem því nemur að vori. Að öðru leyti gerir LS ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Reykjavík, 12. mars 2001

Þór Jónsson  
f.h. stjórnar LS